

Stofnanasamningur

Milli Skrifstofu Rannsóknastofnana atvinnuveganna og SFR-stéttarfélags í almannajónustu samkvæmt ákvæðum í kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra fh. ríkissjóðs dagsettu 9. mars 2005

1. Gildissvið og gildistími

Samkomulag þetta nær til allra félagsmann í SFR sem eru í starfi hjá SRA. Gildir samningur þessi frá 1. maí 2007.

2. Forsendur röðunar

Störfum skal raðað miðað við eðli starfs og starfslýsingu. Þess gætt að samræmi sé milli þeirra þátta sem móta starfið. Raða skal í launaflokka í samræmi við ábyrgð og umfang þeirra skv. hlutlægum mælikvörðum sem er grunnröðun viðkomandi starfs.

3. Starfaflokkar.

Fulltrúi

Starfið getur falist í umsjón verkefna er krefjast töluverðrar þekkingar á ákveðnu sviði stofnunar. Starfsmaður skal geta veitt fullnægjandi upplýsingar og leiðbeiningar til viðskiptamanna, geta leiðbeint og stýrt starfsmönnum. Verkstjórn getur falist í starfinu en er ekki meginhluti starfsins.

Launafulltrúi

Starfið getur falist í umsjón verkefna er krefjast mikillar þekkingar á ákveðnu sviði stofnunar. Starfsmaður skal geta veitt fullnægjandi upplýsingar og leiðbeiningar til viðskiptamanna, geta leiðbeint og stýrt starfsmönnum. Verkstjórn getur falist í starfinu en er ekki meginhluti starfsins.

Gjaldkeri og Bókari

Starfið felst fyrst og fremst í að skipuleggja, stjórna og samhæfa starfsemi einnar eða fleiri deilda, eða umsjón verkefna og/eða málaflokka. Með umsjón er m.a. átt við skipulagningu, samhæfingu og/eða stjórnun á áætlanagerð, kostnaðareftirliti eða viðvarandi verkefnastjórnun. Í starfinu getur falist að koma fram fyrir hönd stofnunar

Aðalbókari

Starfið felst í stjórnun, áætlanagerð og samhæfingu við stefnu stofnunar. Í starfinu felst ábyrgð á samskiptum við ráðuneyti, stofnanir og fyrirtæki

3.1. Grunnröðun starfa í launaflokka.

- Fulltrúi 012
- Launafulltrúi 014
- Bókari 015
- Gjaldkeri 015
- Aðalbókari 023

4. Viðbótar forsendur fyrir röðun í launaflokka.

4.1. Starfsreynsla.

Starfsmaður sem hefur öðlast starfsreynslu hjá stofnuninni skal hækka miðað við grunnröðun sem hér segir.

- Starfsmaður með 1. ára starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokk
- Starfsmaður með 2. ára starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokk
- Starfsmaður með 3. ára starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokk

Jafnframt skal meta starfsreynslu hjá öðrum sem nýtist í starfi að hluta eða öllu leyti:

4.2. Starfsnám, símenntun.

Starfsmaður sem lokið hefur starfsmenntun, sem viðurkennd er af samningsaðilum, og nýttist í starfi, skal fá það metið til flokka hækkana þegar eftirfarandi tímalengd er náð:

- 1 lfl. við 60 kennslustundir.
- 2 lfl. við 120 kennslustundir.
- 3 lfl. við 200 kennslustundir.

4.3. Starfstengdar forsendur.

Heimilt er að hækka starfsmann um launaflokka ef hann/starfið uppfyllir einhverjar neðangreindar forsendur :

- starfið felur í sér sérstaka ábyrgð
- starfið felur í sér flókin verkefni
- starfinu fylgir kennsla eða leiðbeining annarra starfsmanna
- starfinu fylgir ráðgjöf innan stofnunar eða utan
- starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið
- starfsmaðurinn sinnir starfi á fleiri en einni starfstöð.
- starfsmaður sýnir góðan árangur í starfi.
- starfsmaður sýnir hæfni til samskipta og samvinnu.
- starfsmaður sýnir frumkvæði í starfi.

Stofnunin skal halda til haga skriflegum rökum sem liggja að baki hækkunar á launaflokkum samkvæmt þessum lið. Samstarfsnefnd á rétt á því að fá að sjá umræddar forsendur.

5. Endurskoðun

Heimilt er að taka til endurskoðunar einstök ákvæði samningsins hvenær sem er, ef annar aðilinn óskar þess.

Reykjavík 16. maí 2007

F.h SFR

F.h SRA